

AUGLÝSING

um umferð í Reyðarfjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu.

Að fenginni tillögu sveitarstjórnar Reyðarfjarðarhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Reyðarfjarðarhreppi:

I.

1. Aðalbrautir eru:
 - 1.1. Fagradalsbraut.
 - 1.2. Búðareyri.
 - 1.3. Austurvegur.
 - 1.4. Norðfjarðarvegur.
 - 1.5. Heiðarvegur, þó þannig að umferð um Heiðarveg víki fyrir umferð um Austurveg.
 - 1.6. Mánagata, þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Austurveg og Heiðarveg.
2. Umferð um Stekkjarbrekku víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
3. Umferð um Réttarholt víki fyrir umferð um Búðareyri.
4. Umferð um Búðargötu víki fyrir umferð um Búðareyri.
5. Umferð um Árgötu og Hafnargötu víki fyrir umferð um Búðareyri.
6. Umferð um Öldugötu víki fyrir umferð um Austurveg.
7. Umferð um Ásgerði víki fyrir umferð um Austurveg.
8. Umferð um Lundargötu víki fyrir umferð um Heiðarveg og Mánagötu.
9. Umferð um Holtagötu víki fyrir umferð um Mánagötu og verði umferð um efri hluta Holtagötu bönnuð, á móts við hús nr. 5 að Heiðarvegi.
10. Umferð um Hjallaveg víki fyrir umferð um Heiðarveg.
11. Umferð um Túngötu víki fyrir umferð um Heiðarveg.
12. Umferð um Nesbraut víki fyrir umferð um Búðargötu.
13. Umferð um Hlunnavog víki fyrir umferð um Búðareyri.
14. Umferð um Strandgötu víki fyrir umferð um Hafnargötu og Búðargötu.

II.

1. Bannað að leggja ökutækjum á Búðareyri og Austurvegi frá gatnamótum Stekkjarbrekku að vegrist austan við Holt.
2. Bannað verði að leggja ökutækjum á austurbrún Heiðarvegs.

III.

1. Einstefna er til norðurs/austurs Brekkugötu, frá Búðareyri að Árgötu. Um bifreiðastöður í Reyðarfjarðarkauptúni.

Í íbúðahverfum er bannað að leggja stórum vinnuvélum, vörubifreiðum, sendibifreiðum og fólksflutningabifreiðum sem eru 2,5 tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara ökutækja ber að nota sérstaklega merkt stæði, sem ætluð eru þessum stóru ökutækjum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra.

Óheimilt er að geyma fylgihluti ökutækjanna á þessum afmörkuðu stæðum. Auglýsingin tekur gildi við birtingu.

Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 24. júlí 1987.

Sigurður Eiríksson.